

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Hildur Edwald, skjalaritari
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Egilsstaðir, 30. mars 2021

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp um breytingar á lögum um menningarminjar (friðlýsing trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs), 527. mál

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012, með það að markmiði að heimilt verði að friðlýsa trjálundi, stök tré og garðagróður.

Skógræktin tekur undir þörfina á slíkum lagaheimildum sem skortir með öllu í gildandi rétt. Hliðstæðar lagaheimildir um verndun og friðlýsingar er að finna um mörg og sundurleit málefni og skulu hér nefnd nokkur dæmi: Umhverfisstofnun ber, skv. 13. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013), ábyrgð á hliðstæðri vinnu við friðlýsingar vegna náttúruverndar. Samkvæmt mörgum ákvæðum í lögum um skóga og skógrækt (nr. 33/2019) ber Skógræktin ábyrgð á verndun skóga, m.a. þeim sem njóta sérstakrar verndar, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013). Minjastofnun ber samsvarandi ábyrgð m.a. á vernd mannaverk sem eru 100 ára og eldri, skv. 3. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012). En í þessi lög skortir ákvæði til verndar stökum, sögulega merkilegum eða sérstæðum trjám og trjálundum sem orðið hafa til með ræktun og hafa verndargildi. Skógræktin telur ríka þörf á að úr þessu verði bætt með viðeigandi lagabreytingum.

Með frumvarpinu er farin sú leið, að bæta slíkum ákvæðum við texta núgildandi laga um menningarminjar (nr. 80/2012). Skógræktin telur rétt að benda á að sömu ákvæði var að finna í upphaflegum drögum að núgildandi lögum um skóga og skógrækt (nr. 33/2019), en þau voru felld út úr drögunum áður en þau voru tekin til meðferðar á hinu háa Alþingi. Fyrir því voru aldrei færð rök né skýringar.

Skógræktin telur að auðveldlega megi bæta samsvarandi ákvæðum inn í lög um skóga og skógrækt (2019/33). Við tökum undir nauðsyn þess, að bera virðingu fyrir merkilegum trjálundum og einstökum trjám, en teljum Skógræktina betur til þess fallna en Minjastofnun að meta hvort og í hvaða mæli verndar og friðlýsingar sé þörf á trjágróðri. Innan Skógræktarinnar er þegar fyrir hendi rík sérþekking á trjágróðri og trjátegundum, og því minni viðbótarkostnaður af því að taka að sér þetta hlutverk en fyrir Minjastofnun sem ekkert fæst við trjágróður né annan gróður. Skógræktin hefur enn fremur sterk fagleg, formleg og óformleg tengsl við háskólastofnun sem fæst við kennslu og

rannsóknir á sviði skógræktar og garðyrkju, Landbúnaðarháskóla Íslands. Þangað getur Skógræktin leitað eftir nánari upplýsingum um verndargildi einstakra trjáa, trjálunda og annars garðagróðurs, þegar og ef þess gerist þörf. Ef fela ætti Minjastofnun sama lögbundna hlutverk við að meta trjágróður m.t.t. hugsanlegrar friðlýsingar, yrði sú stofnun knúin til að bæta við sig starfsfólki með sérþekkingu á trjám og trjátegundum, með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð.

Það er því álit Skógræktarinnar, að í stað þess að gera breytingar á lögum um minjavernd (nr. 80/2012) sem frumvarpið boðar, væri í senn eðlilegra og skilvirkara fyrir stjórnkerfi landsins að samsvarandi lagaheimildir verði settar í lög um skóga og skógrækt (nr. 33/2019) og að Skógræktin fái þær lagaheimildir til friðlýsingar stakra trjáa, trjálunda og garðagróðurs sem skortir í gildandi rétt.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar,



Dr. Adalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri,
adalsteinn@skogur.is
Skógræktin,
700 Egilsstaðir
Gsm 8987862